

SAGEMCOM E190 (LEGACY)

Hvað fylgir með í kassanum

- Myndlykillinn
- Straumbreytir
- Netsnúra
- HDMI snúra
- Leiðarvísir


Hvernig tengi ég myndlykilinn

1. Tengdu netsnúru úr myndlyklinum og yfir í gul tengi númer 3 eða 4 á beininum.
2. Tengdu HDMI eða SCART snúru milli myndlykils og sjónvarpsins.
3. Tengdu straumbreytinn við myndlykilinn og settu í samband við rafmagn.
4. Kveiktu á sjónvarpinu og stilltu á rétta HDMI/SCART rás. Á flestum sjónvörpum stendur við HDMI tengið þar sem snúran er tengd, númer hvað HDMI rásin er. Á flestum sjónvarpsfjarstýingum er skipt milli HDMI rása með því að ýta á takka merktur **Source** eða **Input** (sjá dæmi) og nota örvatakka á fjarstýringunni til að velja á milli HDMI rása.

Dæmi um **Source** eða **Input** takka



5. Myndlykill kveikir á sér sjálfur og upp kemur skjár sem stendur á „Bíðið augnablik“ Eftir skamma stund kemur upp viðmót Sjónvarp Símans. Ef að skjámyndin birtist ekki gæti þurft að kveikja á honum með fjarstýringunni.



Myndlykillinn er með RCA-tengi og SCART-tengi sem eru ekki sýnd á myndinni

Hvernig tengi ég myndlykil ef beinir er á öðrum stað í húsinu?

Hægt er að kaupa svokallaðar Videobrýr sem senda netmerkið þráðlaust á milli sín.

- Fylgja þarf leiðbeiningum sem fylgja með þeim tækum til að tengja í gegnum þau.
- Hægt er að skoða vöruúrvalið okkar í vefverslun Símans.